



LANDSSAMTÖKIN
HEIMILI OG SKÓLI



SAMFOK

SAMBAND FORELDRAFÉLAGA Í GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKUR

Reykjavík 1. desember 1994
Alþingi

Erindi nr. Þ 118 / 368

komudagur 6/12 1994

Formaður menntamálanefndar Alþingis
Sigríður Anna Þórðardóttir

Varðar: Frumvarp til grunnskólalaga

Enn á ný hafa yfirvöld menntamála leitað til Landssamtakanna Heimili og skóli og SAMFOKS eftir sjónarmiðum foreldra varðandi málefni grunnskólans. Til að undirstrika samhljóma afstöðu sína í þessu máli senda þessi tvenn samtök þetta bréf hér með.

Víst ber að þakka þá viðleitni stjórnvalda að vilja ræða stefnu sína og metnaðarfulla drauma við foreldra en það er meira en nóg komið af draumum og fallegum orðum, nú verða verkin að tala!

Viðbrögð foreldra varðandi grunnskólafrumvarpið eru samhljóða rödd barnsins í ævintýrinu "Nýju fötin keisarans" eftir H.C. Andersen,

" Nú, hann er þá ekki í neinu ! "

Án tilheyrandi fjármuna er hið nýja og metnaðarfulla grunnskólafrumvarp algerlega gagnslaust.

Foreldrahreyfingin neitar að taka þátt í þeim pólitíska hráskinnssleik að semja álit á álit ofan um skýrslur og frumvörp, lagadrög og stefnur þegar ekki er sýnt fram á fjármagn til framkvæmda.

Við höfnum algerlega þeim tvískinnungi sem felst í því að leggja fram frumvarp um einsetinn grunnskóla og leggja samtímis fram fjárlagafrumvarp sem ekki gerir ráð fyrir nauðsynlegum breytingum á skólastarfi s.s. á vinnutíma kennara. Það er ljóst að slík breyting kostar peninga og ríkisstjórnin verður að sýna þá ábyrgð að viðurkenna það í fjárlagafrumvarpinu með ótvíræðum hætti. Eftir þessu hafa samtök sveitarfélaga ítrekað lýst.

Landssamtökin Heimili og skóli og SAMFOK hafa margsinnis sent stjórnvöldum ályktanir og sjónarmið foreldra varðandi grunnskólann og oftast en ekki talað fyrir daufum eyrum. Menntamálaráðherra hefur t.d. ekki svarað bréfi Heimilis og skóla frá 1. sept sl. þar sem óskað var eftir fundi með honum, fjármálaráðherra og forsætisráðherra til þess að ræða fjárhagsgrundvöll þessa frumvarps. Ítrekaðar tilraunir undanfarnar vikur til að ná fundi menntamálaráðherra hafa ekki borið árangur.

Foreldrahreyfingin er reiðubúin til samstarfs við stjórnvöld um málefni grunnskólans og telur sig hafa sýnt það í verki fram að þessu. Stjórnvöld verða að sýna raunverulegan áhuga á því að fylgja grunnskólafrumvarpinu eftir t.d. með því að eyrnamerkja fjármagn til framkvæmda og með því að ganga af einurð til viðræðna við sveitarfélögin og samtök kennara um fyrirhugaðan flutning grunnskólans.

Íslenskir stjórnmalamenn eru duglegir við að semja ný lög, þeir eru því miður ekki eins duglegir að tryggja það að lögum sé framfylgt til fullnustu sbr. grunnskólög frá 1974 og 1991. Hvernig geta foreldrar treyst því að þessum nýju lögum verði framfylgt?

Fyrir hönd Heimilis og skóla:

Unnur Halldórsdóttir
Unnur Halldórsdóttir, formaður

Fyrir hönd SAMFOKS:

Guðbjörg Björnsdóttir
Guðbjörg Björnsdóttir, formaður